

# Viðskiptaþjónusta Orkuveitu Reykjavíkur

Magn orkukaupa tekur mið af umfangi og eðli starfsemi fyrirtækja. Söludeild OR býður uppá hagkvæmar lausnir í orkukaupum sem tryggja bætta nýtingu orkunnar og skýrari yfirsýn á orkunotkun fyrirtækisins.



Viðskiptaþjónusta OR tekur mið af neðangreindum þáttum þegar hagræða á í orkukaupum:

- Verði og skilmálum sölu- og dreifingaraðila
- Greiningu notkunar og notkunarferlum
- Vali á töxtum

Viðskiptaþjónustan auðveldar stjórnendum utanumhald viðskiptanna. Jafnframt fær hvert fyrirtæki eigin viðskiptastjóra sem greinir þarfir fyrirtækisins í samstarfi við stjórnendur. Grunnurinn að þessari þjónustu er viðskiptayfirlit og greiningarblað veitna fyrirtækisins.

## Viðskiptayfirlit

Viðskiptayfirlitin gefa stjórnendum skýra yfirsýn yfir notkun og kostnað einstakra notkunarstaða sem og viðskiptanna í heild hvort sem það er með rafmagn, heitt og/eða kalt vatn. Yfirlitin er hægt að fá yfir heildarviðskipti kaupanda og afmarkaðar veitur.



## Greiningarblað

Það sem skiptir mestu máli varðandi hagkvæmni í rafmagnskaupum er rétt taxtaval miðað við notkun, bæði á sölu- og dreifitaxta.

Greiningarblað Viðskiptaþjónustu OR byggir á notkunartölum veitna viðskiptavina og sýnir hvernig hagkvæmasti taxtinn fyrir hverja veitu er valinn hverju sinni.

Viðskiptaþjónusta Orkuveitunnar tryggir fyrirtækjum skilvirka og vandaða yfirsýn yfir orkukaup sín og er lykiltríði þegar kemur að ráðgjafastarfi vegna orkunotkunar.